

3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að veðið er ekki lengur tryggt að dómi sjóðsstjórnarinnar.
4. Ef lögð er niður sú starfsemi, sem lánið var veitt til.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 38 27. maí 1992 um breytingu á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um Fiskræktarsjóð nr. 124 9. júlí 1971.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. desember 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um forfallaþjónustu í sveitum.

1. gr.

Forfallaþjónusta í sveitum veitir tímabundna vinnuaðstoð við nauðsynleg bús- og heimilisstörf þeim aðilum sem greiða gjald til forfallaþjónustunnar, þegar veikindi, slys eða önnur forföll ber að höndum, þannig að þeir sem veita búi eða heimili forstöðu eða fastir starfsmenn búsins geta ekki sinnt sínum daglegu störfum.

Nauðsynleg bústörf teljast hirðing og fóðrun búfjár, vinna við voryrkju, heyskap og önnur uppskerustörf, einnig önnur þau bústörf og heimilisstörf sem eðlilegt er að vinna á hverjum árstíma. Önnur forföll sem geta skapað rétt eru barnsburður, fjarvistir vegna sjúkrahúsvistar eða læknismeðferðar barna, ennfremur dauðsföll.

2. gr.

Kostnaður við forfallaþjónustu í sveitum greiðist af tekjum af Búnaðarmálasjóðsgjaldi. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu gjaldsins og skal það fyrir 1. september ár hvert láta stjórn forfallaþjónustunnar í té áætlun um tekjur af Búnaðarmálasjóðsgjaldi næsta verðlagsár.

Stjórn forfallaþjónustunnar gerir fjárhagsáætlun fyrir upphaf hvers starfsárs, að höfðu samráði við Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda. Búnaðarfélag Íslands annast í umboði stjórnar forfallaþjónustunnar bókhald og reikningsskil eftir skilagreinum frá búnaðarsamböndunum.

Endurskoðendur forfallaþjónustunnar skulu vera tveir. Skal annar tilnefndur af stjórn Stéttarsambands bænda en hinn af búnaðarsamböndunum sameiginlega. Endurskoðaða ársreikninga forfallaþjónustunnar og ársskýrslu stjórnar skal leggja fyrir Búnaðarþing og aðalfund Stéttarsambands bænda.

Kostnaður við yfirstjórn og reikningsskil forfallaþjónustunnar greiðist af tekjum hennar af Búnaðarmálasjóðsgjaldi.

3. gr.

Rétt til forfallaþjónustu eiga allir starfandi bændur í þeim búgreinum er greiða til forfallaþjónustunnar, makar þeirra svo og bústjórar og fastráðnir starfsmenn búsins, hafi

ráðning þeirra staðið 6 mánuði eða lengur og þeir hafi sannanlega þegið full laun samkvæmt launataxta. Eitt ársverk við landbúnaðarstörf, eins og það er skilgreint í reglugerð þessari, gefur rétt til hámarksþjónustu bæði fyrir bónda og maka hans.

Stjórn forfallaþjónustunnar ákveður ár hvert, í samræmi við áætlaðar tekjur, hámarksfjölda þeirra daga sem sami aðili getur notið þjónustu.

Ársverk telst:

Í mjólkurframleiðslu	504 ærgildi
Í sauðfjárframleiðslu	530 ærgildi
Í nautgripakjötsframleiðslu	9600 kg
Í grávöruframleiðslu	250 refalæður eða 700 minkalæður

Greiðslumark skal lagt til grundvallar ærgildisfjölda í mjólkurframleiðslu og sauðfjár-rækt, en við ákvörun á rétti til forfallaþjónustu í öðrum greinum skal miða við greiðslu Búnaðarmálasjóðsgjalds umreiknuðu til ærgilda. Á félagsbúum skiptist réttur til forfallaþjónustu í samræmi við vinnuframlag þeirra sem aðild eiga að búinu. Sé aðili að búi í föstu starfi utan bús nýtur hann ekki þjónustu.

Eitt ársverk getur aldrei á sama ári veitt nema tveimur rétt til hámarksþjónustu. Við dauðsfall getur dánarbú notið þjónustu á næstu fjórum mánuðum eftir andlát. Bændur sem skorið hafa niður fénað sinn vegna búfjársjúkdóma öðlast rétt á þjónustu fjórum mánuðum áður en þeir taka bústofn á ný.

Nemi vinnuframlag minna en einu ársverki við búgreinar sem greiða til forfallaþjónustunnar skerðist réttur til þjónustu í samræmi við það. Þó skulu þeir sem hafa allt framfæri sitt af þeim búgreinum ætíð njóta fullrar þjónustu nema sá aðili, er sinnir forföllum, hafi sannanlega tækifæri til að ná fullum daglaunum með vinnu annarsstaðar. Sé vinnuframlag minna en svo að það skapi rétt til forfallaþjónustu í 5 daga veitir það ekki rétt til þjónustu.

Réttindi þeirra sem öðlast rétt til forfallaþjónustu samkvæmt 7. gr. ákvarðast af stjórn forfallaþjónustunnar. Sé þess óskað getur búnaðarsamband heimilað að vinnuframlag afleysingamanns dreifist á allt að tvöfaldan þann dagafjölda er nemur árlegum rétti viðkomandi til þjónustu.

4. gr.

Búnaðarsamböndin annast rekstur forfallaþjónustu hvert á sínu svæði. Þau annast mannaráðningar til afleysingastarfa eftir því sem við verður komið og veita upplýsingar um rétt til afleysinga.

Þegar forföll ber að höndum og óskað er aðstoðar skal tilkynna það til viðkomandi búnaðarsambands. Skal þá liggja fyrir vottorð um að viðkomandi sé óvinnufær. Ef ekki er tilkynnt um forföll strax og þjónustu er þörf og læknisvottorði skilað getur búnaðarsamband synjað beiðni um þjónustu. Komi upp ágreiningur um rétt eða annað sem snertir forfallaþjónustu sker framkvæmdastjóri viðkomandi búnaðarsambands úr. Uni viðkomandi aðili ekki þeim úrskurði er heimilt að vísa ágreiningi til stjórnar forfallaþjónustunnar.

5. gr.

Afleysingamenn skulu hafa alhliða starfsreynslu við bústörf. Koma skal á námskeiðum við búnaðarskóla sem þjálfa fólk til afleysingastarfa. Hafi búnaðarsamband ekki tiltækan afleysingamann þegar afleysingar er þörf er heimilt að viðurkenna störf barna 16 ára og eldri eða náinna skyldmenna, enda séu þeir hvorki fastráðnir starfsmenn né eignaraðilar að búinu. Ætíð skal leita samþykkis búnaðarsambands áður en slík ráðning er ákveðin.

6. gr.

Föst mánaðarlaun skulu miðast við 40 stunda vinnuviku. Afleysingamenn skulu hafa fæði og húsnæði endurgjaldslaust hjá viðkomandi búi á starfstíma sínum þar. Einnig greiðir búið ferðakostnað og yfirvinnu sem samið er um.

Heimilt er að framlengja dvöl afleysingamanns á búi þegar tilskilinni þjónustu er lokið ef hans er ekki þörf annars staðar, enda greiðir þá viðkomandi bóndi laun afleysingamannsins. Slík ráðning skal þó vera ótímabundin ef þörf er á aðstoð annars staðar, t.d. í bráðum veikinda- eða slysatilfellum. Þá er stjórn forfallaþjónustunnar heimilt að taka upp samvinnu um skipulag og ráðningu starfsmanna við almenna afleysingaþjónustu sem rekin er á vegum samtaka bænda eða hóps bænda.

7. gr.

Bóndi er stundar búgrein sem hætt hefur þátttöku í forfallaþjónustunni samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 41/1990 á rétt til forfallaþjónustu í samræmi við ákvæði 3. gr., enda hafi hann staðið skil á gjaldi til forfallaþjónustunnar af framleiðslu sinni á undangengnu 12 mánaða tímabili.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 35 29. maí 1992 um forfallaþjónustu í sveitum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum nr. 422 11. október 1979.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. desember 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu 33 kV jarðstrengs frá aðveitustöð á Sauðárkróki að greinipunkti í Viðvíkurhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið þann 30. desember 1992 staðfest legu 33 kV háspennustrengs frá aðveitustöð á Sauðárkróki að greinipunkti í 11 kV Hofsóslínu (Hjaltadalsálma) í landi Kýrhólts í Viðvíkurhreppi.

Uppdráttur fyrir legu háspennustrengsins hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19, 21. maí 1964 mæla fyrir um og verið samþykktur af bæjarstjórn Sauðárkróks og sveitarstjórnnum Skarðshrepps, Rípurhrepps og Viðvíkurhrepps sem og hlotið samþykki skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfisstjórnuneytið, 30. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.